



Reykjavík, 1. september 2022

BSR20060057/R20050020

Til Stafræns ráðs

Ráðhúsi Reykjavíkur

### **Efni: Frumkvæðisathugun Borgarskjalasafns Reykjavíkur á skjalavörslu Austurbæjarskóla**

Lögð er fram til kynningar frumkvæðisathugun Borgarskjalasafns Reykjavíkur á skjalavörslu Austurbæjarskóla.

Borgarskjalasafn Reykjavíkur er héraðsskjalasafn í eigu Reykjavíkurborgar, sem starfar eftir lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og reglum Þjóðskjalasafns Íslands. Auk þess gildir reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 og Samþykkt um Borgarskjalasafn Reykjavíkur frá 2006 um safnið. Borgarskjalasafnið hefur eftirlits-, leiðbeiningar- og ráðgjafaskyldu gagnvart borgarstofnunum sbr. 3 og 4. gr. samþykktar fyrir safnið. Í samræmi við ofangreint hefur Borgarskjalasafnið eftirlit með skjalavörslu þeirra aðila sem eru afhendingarskyldir um skjöl sín og önnur gögn til þess.


Austurbæjarskóli tók til starfa árið 1930 og telst afhendingarskyldur aðili til Borgarskjalasafns Reykjavíkur. Við frágang á skjalasafni Austurbæjarskóla kom í ljós að mikilvæg skjöl og skjalaflokka sem ættu að vera hluti af skjalasafni skólans vantaði. Í kjölfarið hóf borgarskjalavörður frumkvæðisathugun á skjalavörslu Austurbæjarskóla. Tildrög athugunar var að kanna afdrif eldri skjala úr starfsemi Austurbæjarskóla sem vantaði í skjalasafn skólans. Árin 2017, 2018, 2019 og 2020 afhenti Hollvínafélag Austurbæjarskóla eldri skjöl úr starfsemi Austurbæjarskóla. Af atvikum máls og skýringum skólastjóra má draga þá ályktun að auka þarf verulega fræðslu á þeim reglum og leiðbeiningum um skjalavörslu sem hafa verið gefnar út af skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Lauk athugun borgarskjalavarðar með tilmælum um úrbætur í bréfi dags. 9. febrúar 2022. Þeim tilmælum var beint til skólastjóra að vinna markvisst að frágangi og skráningu á skjölum skólans í samræmi við lög og gildandi reglur. Einkum skal tryggja varðveislu skjala sem hafa orðið til, borist eða verið viðhaldið í starfsemi Austurbæjarskóla frá árinu 2000. Málsgögn skulu varðveitt þannig að þau séu aðgengileg þar sem þau geta varðað mikilvæga einstaklingshagsmuni. Góð skjalastjórn snýr að því að fylgja leiðbeiningum um skjalavörslu sem gefnar hafa verið út og fara eftir lögum og reglum. Sviðstjóri skrifstofu skóla- og frístundasviðs var jafnframt upplýstur um frumkvæðisathugun þessa.

Ef þess er óskað þá er Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður reiðubúin til að mæta á fund ráðsins og kynna frumkvæðisathuginna.

Virðingarfyllst fh. borgarskjalavarðar

Kristín Fjóla Fannberg, lögfræðingur



Meðfylgjandi: Frumkvæðisathugun nr. 1/2021